

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
12. júlí 2011 10.5.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. júlí 2011
Tilvísun: UST20110700017/bs

Djúpvegur (61): Um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni, Súðavíkurbreppi. Umsögn.


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. júní sl. þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Áformað er að byggja nýjar brýr á Seljalandsós og Seljalandsá rétt neðan núverandi brúa. Nýr vegakafli verður um 0,6 km langur. Efni verður að mestu leyti tekið við núverandi veg og á aflögðu vegsvæði. Ekki verða opnaðar nýjar námur.

Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa í för með sér skerðingu á leirum, en leirur njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Nokkur fjöldi rauðbrystinga nýtir leirur í botni Álftafjarðar til fæðuöflunar á vorin. Helsta fæðuöflunarsvæði rauðbrystings er að álitu Náttúrustofu Vestfjarða utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að vegagerð muni hafa bein og óafturkræf áhrif á leiruna sem fer undir veg en svæðið sé hins vegar talsvert raskað og á gömlu efnistökusvæði. Að mati Náttúrustofunnar mun fyrirhuguð framkvæmd hafa lítil áhrif á leirusvæði í botni Álftafjarðar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson


Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri